



Alþingi
Nefndasvið
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 31.01.2014
Tilv. 00.25
GS

Efni: Umsögn tillögu til þingsályktunar um eflingu skógræktar og sameiningu stjórnslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu, 211. mál

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi nefndasviðs Alþingis, dags. 16. janúar 2014, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar á tillögu til þingsályktunar um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu. Í þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi álykti að skora á ríkisstjórnina að efla skógrækt og gera að arðsömum atvinnuvegi. Því verði náð með aðgerðum sem fram koma í eftirfarandi fjórum stafliðum:

- a. stórefla hagnýtar rannsóknir og þróunarstarf í skógrækt með áherslu á framleiðslu viðarafurða, framleiðni og arðsama skógrækt,
- b. færa Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins og landshlutaverkefni í skógrækt í eina stjórnslueiningu,
- c. semja frumvarp að nýjum samræmdum lögum um skógrækt og landgræðslu,
- d. móta starfsumhverfi með rammaáætlun til þriggja ára til eflingar skógræktar með þátttöku bænda, annarra landeigenda og sérstakra skógræktarsjóða.

Landgræðslan telur þá tillögu til þingsályktunar sem hér um ræðir um margt athyglisverða og getur tekið undir ýmislegt sem þar kemur fram. Landgræðslan telur þó að ekki sé heppilegt að blanda saman annars vegar tillögu að verkefni til atvinnusköpunar og hins vegar grundvallarbreytingum á stjórnslueiningum og lagaumhverfi eins og gert er hér. Þó Landgræðslan geti vissulega tekið undir þá fullyrðingu sem fram kemur í greinargerð með tillögunni að „krefjandi verkefni kalli á styrka stjórnslu“ þá telur hún að slíka umræðu um breytingar á stjórnslueiningum þurfi að taka á mun víðari grundvelli en hér er gert ráð fyrir. Um þessar mundir er á vegum stjórnvalda unnið að greiningu viðfangsefna og verkefna ríkisstofnanna, m.a. þeirra sem nefndar eru í þingsályktunartillögunni. Vegna þessa telur Landgræðslan að seinni hluti ályktunarinnar sé ótímabær, a.m.k. þar til niðurstöður liggja fyrir úr þeirri vinnu.

Megináherslan í þingsályktunartillögunni er að hvetja til eflingar skógræktar til viðarframleiðslu og tengist það landgræðslu aðeins óbeint. Almennt telur Landgræðslan að skógrækt og landgræðslu verði að skoða í víðara samhengi en hér er gert. Skógrækt til viðarframleiðslu er ekki heppilegasta leiðin til stöðvunar gróðureyðingar og jarðvegsrofs eða

til endurheimtar fyrri landgæða. Hefðbundin landgræðsla með áburðargjöf og fræsáningu, landgræðsluskógrækt og friðun lands fyrir beit hafa reynst best í þeim tilgangi. Ef tilgangurinn með þingsályktunartillögunni er að varðveita gróður og jarðveg og endurheimta fyrri landgæði, eins og lesa má úr greinargerðinni með þingsályktunartillögunni, þyrfti að gefa þessum atriðum mun meiri gaum.

Þá telur Landgræðslan að nauðsynlegt sé að efla umræðu, þekkingu og stefnumörkun um landnýtingu samhliða áformum um eflingu skógræktar. Landrými og landgæði til akuryrkju og hefðbundinnar fóðurframleiðslu eru takmörkuð og því Íslendingum nauðsynlegt að forgangsraða þegar landi er ráðstafað til mismunandi nota, hvort heldur er landbúnaður, skógrækt eða ferðaþjónusta.

Landgræðslan tekur undir mikilvægi þess að endurskoða lög um landgræðslu og skógrækt og að í þeirri vinnu verði m.a. hugað að því hvort æskilegt sé að færa þessa málaflokka undir eina stjórnslueiningu. Þá telur Landgræðslan afar æskilegt að gerð verði rammaáætlun til eflingar skógrækt og landgræðslu, en telur að gildistími slíkrar áætlunar þurfi að vera a.m.k. 10-15 ár, þó endurskoða megi slíkar áætlanir á gildistímanum.

Landgræðslan telur það mál sem hér er hreyft allrar athygli vert en hvetur til þess að þingsályktunartillagan verði endursamin m.t.t. þeirra athugasemda sem settar eru fram hér að ofan.

Virðingarfyllt,
f.h. Landgræðslu ríkisins,



Guðm Stefánsson,
sviðsstjóri